



# *Sigurður H. Ingimarsson*

Fæddur 1953.

Sérfræðingur á greiningarsviði  
skattrannsóknarstjóra ríkisins.



**Sigurður H.  
Ingimarsson**

## **Starfsferill**

Hef starfað sem sérfræðingur á greiningarsviði skattrannsóknarstjóra ríkisins (SRS) frá árinu 2010.

Leiddi samninganefnd SRS við kaup á svokölluðum skattaskjólsgögnum 2015.

Tengiliður SRS við Bundeskriminalamt í Þýskalandi í tengslum við Panama- og Paradísarskjölin.

Hef á vegum SRS setið í þremur starfshópum, skipuðum af fjármála- og efnahagsráðuneytinu:

Starfshópur um mótun aðgerðaráætlunar gegn skattsvikum og skattaskjólum.

Starfshópurinn skilaði af sér tillögum að breytingu á tekjuskattslögnum í júlí 2016.

Starfshópur, sem hafði það hlutverk, að leggja mat á umfang fjármagnstilfærslna og eignausýslu á aflandssvæðum. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslunni «Aflandsvæðing Íslands» í september 2016.

Starfshópur, sem hafði það verkefni, að kanna og greina nánar niðurstöður Aflandsskýrslunnar um milliverðlagningu í utanríkisviðskiptum, þ.m.t. faktúrufölsun. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu í júní 2017.



**Sigurður H.  
Ingimarsson**

## **Starfsferill**

Var á árunum 1981 til 1983 framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélags Íslands og þar með framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins, en félagið sá um rekstur sjóðsins á þeim tíma.

Félagið stundaði jafnframt «leasing» starfsemi og rak Verðbréfamarkað í húsakynnum Iðnaðarbankans við Lækjargötu.

Kom á þessum árum að innleiðingu verðtryggingar í fasteignaviðskiptum á Íslandi með stofnun Fasteignamarkaðar Fjárfestingarfélagsins í húsnæði SPRON að Skólavörðustíg.

Starfaði um tveggja ára skeið (1986 – 1987) hjá Marel hf. fyrst sem fjármálastjóri og síðan sem framkvæmdastjóri og var fenginn til að gera tillögur að endurskipulagningu rekstrar, en á þessum árum stóð félagið frammi fyrir alvarlegum rekstrarerfiðleikum. Að aflokinni endurskipulagningu var Geir A. Gunnlaugsson ráðinn framkvæmdastjóri.



**Sigurður H.  
Ingimarsson**

## **Starfsferill**

Stóran hluta starfsævinnar eða í 19 ár starfaði ég sem framkvæmdastjóri Jóhanns Ólafssonar & Co. Félagið breyttist úr því að vera, á árinu 1988, lítið félag, sem stundaði innflutning á ljósaperum, yfir í félag, sem stundaði fjölbreytta atvinnustarfsemi, undir merkjum fimm dótturfélaga. Árleg velta óx jafnt og þétt, hagnaður óx samsvarandi og þar með eiginfjárstaðan og þegar upp var staðið á árinu 2007, þegar ég sagði starfi mínu lausu, var árleg velta komin upp í 1.800 milljónir og starfsmannafjöldi komin í 70 manns.

### **Önnur störf:**

Fjármálastjóri Veltis hf., 1983 - 1986, en félagið var umboðsaðili Volvo á Íslandi.

Fjármálastjóri Traust hf., 1987 – 1988, en félagið sérhæfði sig í smíði tækja og búnaðar fyrir fiskiðnaðinn.



**Sigurður H.  
Ingimarsson**

## ***Menntun***

Útskrifaðist sem stúdent af hagfræðibraut Verslunarskóla Íslands vorið 1974.

Útskrifaðist með Cand. Oecon gráðu frá Háskóla Íslands af fyrirtækjakjarna með reikningshald og endurskoðun, sem sérsvið, vorið 1978.

Hlaut löggildingu í verðbréfaviðskiptum frá Háskólanum í Reykjavík árið 2011.

Á árum áður sótti ég svo nokkur námskeið fjármálalegs eðlis hjá Harvard Business School í Boston.



**Sigurður H.  
Ingimarsson**

## ***Markmið mitt með framboðinu er...***

Að vera þátttakandi í því að efla rekstur sjóðsins á öllum sviðum með hagsmuni sjóðsfélaga að leiðarljósi.

Að vera þátttakandi í því að bæta allt verklag við allar fjárfestingarákvarðanir sjóðsins.

Að vera þátttakandi í því að innleiða og leggja áherslu á mikilvægi góðra stjórnarháttanna, upplýsingagjafar og gegnsæis.

... Og þar með að vera þátttakandi í því að gera góðan sjóð enn betri.